

## Nýutkomin auglýsing.

Auglýsing um borgun fyrir brjefspjöld milli hins danska og hins íslenska póst-umdæmis. Gefin út 18. dag maímanaðar 1880, birt í deildinni A. bls. 36—37.

Opna brjefið frá 2. marz 1880 um alþingiskosningarnar, er auglýst var 19. s. m., að komið hefði út, sjá bls. 41 hjer að framan, hefir nú verið prentað í deildinni A. bls. 34—35.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um lán* 86  
 handa sýslunefnd. — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu, er 15. maí.  
 hefir tekið að sjer að sjá um, að barnaskólahúsið á Akranesi verði fullgert, veitist henni til þessa úr viðlagasjóði 800 kr. lán, er mun geta fengizt út borguð í næstkomanda júní gjalddaga með þessum skilyrðum:

- 1, að sýslunefndin eða oddviti hennar fyrir hennar hönd gefi út skuldabryef fyrir þessu láni;
- 2, að greiddir verði af láninu 4% ársvextir;
- 3, að lánið verði endurborgað með 400 kr. fyrir 11. desbr. 1880 og 400 kr. fyrir 11. desbr. 1881.

Þetta er tjáð yður, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

— *Brjef landshöfðingja til póstmeistara um póstgjald fyrir hektograferuð* 87  
 og polygraferuð blöð. — Samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland dags. 10. apr. 24. maí.  
 þ. á. og ákvörðunum, er gjörðar hafa verið um póstsendingar milli Danmerkur og ann-  
 ara ríkja, vil jeg tjá yður herra póstmeistari til þóknanlegrar leiðbeiningar og athugunar,  
 að blöð, sem rituð eru með «hektograf», «polygraf» eða á annan slíkan hátt, skulu með-  
 höndluð sem almennar brjefsendingar, þó skal því að eins heimta hjer á landi aukaburð-  
 argjald af slíkum sendingum, er kynnu að koma hingað með ónógum póstmerkjum frá  
 öðrum löndum en Danmörku, að þau sjeu merkt stafnum T. Komi hektograferuð eða  
 polygraferuð blöð fyrir í innanlandspóstsendingum, ber að fara með þau alveg eins og  
 með venjuleg brjef, samkvæmt 1. gr. a. laga 15. okt. 1875.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fyrirlestra á presta-* 88  
*skólanum.* — Með brjefi frá 13. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent 25. maí.  
 hingað ályktun neðri deildar alþingis þess, sem haldið var í fyrra sumar, þar sem skor-  
 að er á yður að hlutast til um, að kennararnir við prestaskólann láti prenta fyrirlestra  
 sína, eða gefi út kennslubækur í þeim námsgreinum, sem þeir kenni, og hafið þjer, um  
 leið og þjer skirskotið til álitsskjala þeirra, sem þjer af þessu tilefni hafið útvegað frá  
 kennurum prestaskólans og frá stíptsyfirvöldunum, látið ráðgjafanum í ljósi yðar eigin  
 þóknanlegrar tillögu um málið.

Fyrir því skal þjónustusamlega skorað á yður, að hlutast þóknanlega til um, að  
 forstöðumanni tjeðrar menntastofnunar verði til kynnt, að ráðgjafinn með tilliti til hins

Hinn 26. júní 1880.